

Föstudaginn 3. desember 1976.

Nr. 65/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Erni Ingólfssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsmanna svo og staði m/b Stiganda, RE 307, í síðasta toginu samkvæmt framburði ákærða. Í greinargerð skólastjórans, dags. 21. október sl., segir svo:

„Í kortinu eru staðir varðskipsins auðkenndir með svörtum lit, en staðir bátsins með rauðum lit. Þar eru:

- I = staður varðskipsins kl. 0437 h. 16. 11. 75. Þá mælist báturinn á stað 1 um 0.75 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka fyrir togveiðar.
- II = staður varðskipsins kl. 0445. Báturinn mælist á stað 2 um 1.05 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.
- III = staður varðskipsins kl. 0451. Þá mælist báturinn á stað 3 um 1.1 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.
- IV = staður varðskipsins kl. 0458. Þá mælist báturinn á stað 4 um 1.15 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.
- V = staður varðskipsins kl. 0506. Þá mælist báturinn á stað 5 um 1.35 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.
- VI = staður varðskipsins kl. 0512. Þá mælist báturinn á stað 6 um 1.1 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.
- VII = staður varðskipsins kl. 0518. Þá mælist báturinn á stað 7 um 0.85 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.
- VIII = staður varðskipsins kl. 0522 við bátinn. Staður VIII mælist um 0.65 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka.
- IX = staður varðskipsins kl. 0603 við bátinn. Staður IX

mælist um 0.1 sjóm. utan leyfilegra fiskveiðimarka.

Þá hef ég sett út staði bátsins í síðasta toginu samkvæmt framburði skipstjórans (auðk. með grænum lit).

Þegar togið hófst kl. 0315 h. 16/11, telur skipstjórinn, að fjarlægð í radarskermana við Stafnes hafi verið 7.5 sjóm. og fjarlægð í land 4.5 sjóm. Radarskermarnir á Stafnesi eru ekki merktir í sjókort nr. 36 og heldur ekki í sjókort nr. 31. Hinsvegar eru þeir mjög nálægt þríhyrningamælistaðnum Gálgar, eða um 0.14 sjóm. í r/v 223° frá Gálgum. Hef ég sett þetta út í sjókort nr. 36.

X = staður kl. 0315, 7.5 sjóm. frá radarskermunum og 4.5 sjóm. frá landi. X mælist um 1.0 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Y = staður 9 sjóm. frá radarskermunum og 6 sjóm. frá Garðskaga. Y mælist um 0.05 sjóm. utan leyfilegra fiskveiðimarka.

Z = staður 9.3 sjóm. frá radarskermunum og 6 sjóm. frá Garðskaga. Z mælist um 0.3 sjóm. innan leyfilegra fiskveiðimarka“.

Samkvæmt gögnum máls, mælingum varðskipsmanna og álitssgerð Jónasar Sigurðssonar er sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum á greindum báti á þeim tíma, sem í máli þessu getur. Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru greinir, sbr. nú 7. gr. og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhegli Íslands.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 30. nóvember 1976, segir, að samkvæmt gullgildi þann dag jafngildi 100 gullkrónur krónum 10.383.60.

Samkvæmt alþjóða mælibréfi er m/b Stígandi, RE 307, 37.63 metrar að lengd og 207.46 rúmlestir brúttó.

Samkvæmt ákvæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi um ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 1. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra m/b Stíganda, RE 307, sbr. nú 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976, svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Örn Ingólfsson, greiði 1.000.000 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi varðhald 3 mánuði í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra m/b Stíganda, RE 307, skulu óröskuð svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 18. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara sem dómsformanni og Guðna Jónssyni og Sigurði Þórðarsyni skipstjórum sem meðdómsmönnum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 801/1975: Ákærvaldið gegn Erni Ingólfssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæru, dagsettri í dag, gegn Erni Ingólfssyni, Drápuhlíð 12 í Reykjavík, fæddum 14. apríl 1944 á Akranesi, skipstjóra á m/b Stíganda, RE 307, „fyrir fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa nr. 456 17. október 1975, og 6. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr., 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. II. gr. laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni nr. 102/1973 og við

1. gr., sbr. 6. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 72 14. október 1975 með því að vera á botnvörpuveiðum á skipinu aðfaranótt sunnudagsins 16. nóvember 1975 á svæði vestur af Garðskaga, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laga nr. 102/1973 upptöku á öllum veiðarfærum í skipinu, þar með töldum dragstrengjum, svo og á öllum afla innanborðs og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Síðastliðinn sunnudag var varðskipið Albert á eftirlitsferð vestur af Garðskaga og kom þá að m/b Stíganda, RE 307, þar sem hann var að botnvörpuveiðum. Ákærði var skipstjóri á bátnum og Pálmi Hlökkversson skipherra varðskipisins. Í skýrslu skipherrans segir, að nánari atvik hafi verið þessi:

„Sunnudaginn 16. nóvember 1975, er varðskipið var á eftirlitsferð V-af Stafnesi, sást bátur inn á línu og netasvæðinu V-af Garðskaga.

Kl. 0437 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

1. Bátur r/v 334°, fj. 7.2 sml.

Hafnarberg, fj. 6.4 sml. Garðskagi, fj. 7.2 sml.

Gefur það stað bátsins um 0.75 sml. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 0445 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

2. Bátur r/v 340°, fj. 6.1 sml.

Hafnarberg, fj. 7.6 sml. Garðskagi, fj. 6.8 sml.

Gefur það stað bátsins um 1.05 sml. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 0451 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

3. Bátur r/v 345°, fj. 5.2 sml.

Hafnarberg, fj. 8.55 sml. Garðskagi, fj. 6.75 sml.

Gefur það stað bátsins um 1.1 sml. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 0458 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

4. Bátur r/v 356°, fj. 4.2 sml.

Hafnarberg, fj. 9.6 sml. Garðskagi, fj. 6.8 sml.

Gefur það stað bátsins um 1.15 sml. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 0506 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

5. Bátur r/v 005°, fj. 3.4 sml.

Hafnarberg, fj. 10.6 sml. Garðskagi, fj. 6.7 sml.

Gefur það stað bátsins um 1.3 sml. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Samtímis sást, að báturinn hélt í togferð í A-læga stefnu. Togljós bátsins logaði.

Kl. 0512 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

6. Bátur r/v 016°, fj. 2.2 sml.

Hvalsnes, fj. 6.6 sml. Garðskagi, 6.4 sml.

Gefur það stað bátsins um 1.1 sml. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Báturinn hélt í SSA-læga stefnu.

Kl. 0518 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

7. Bátur r/v 028°, fj. 0.8 sml.

Hvalsnes, fj. 7.2 sml. Garðskagi, fj. 6.0 sml.

Gefur það stað bátsins um 0.8 sml. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 0522 var komið að M/B STÍGANDA, RE-307, sem togaði með stb. vörpu í S-læga stefnu. Nafn, einkennisstafir og togvírur í sjó sáust greinilega. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun við skut bátsins:

8. Garðskagi, fj. 5.8 sml.

Stafnes, fj. 8.4 sml.

Gefur það stað skipanna um 0.6 sml. innan leyfilegra fiskveiðimarkna.

Kl. 0525 var kallað í RE-307 á VHF talstöð, rás 16.

Kl. 0527 svaraði báturinn á rás 12. Var honum tilkynnt, að hann væri að ólöglegum togveiðum, og honum sagt að hífa upp.

RE-307 togaði áfram í SV-læga stefnu.

Kl. 0546 fór I. stýrim. ásamt bátsmanni í gúmmibát varðskipsins um borð í RE-307, sem var byrjaður að hífa.

Fylgst var með bátnum, meðan hann var að hífa og taka inn vörpuna.

Kl. 0603 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við skut bátsins, sem var að taka inn pokann:

9. Garðskagi, fj. 7.0 sml.

Stafnes, fj. 8.5 sml.

Gefur það stað skipanna um 0.1 sml. utan við leyfileg fiskveiðimörk.

Kl. 0605 var komið með skipstjóra RE-307 um borð í varðskipið. Voru honum sýndar mælingar varðskipsmanna. Mótmælti hann þeim ekki, en taldi sig hafa verið kominn út fyrir, eftir að hafa snúið S-um.

Kl. 0620 var farið með skipstjórnann um borð í bát sinn aftur. Var honum sagt að bíða fyrirmæla frá varðskipinu.

Varðskipið hélt síðan til annarra starfa.

Kl. 0840 var skipstjóra RE-307 gefin fyrirmæli um að halda til Reykjavíkur, sem hann gerði.

Mælingar voru gerðar af skipherra, I. og II. stm. með Sperry MK-12 ratsjá og Sperry Mk E.1. gíróáttavita.

Lausi fjarlægðarhringurinn á ratsjónni var borinn saman við föstu hringina og reyndist réttur.

Veður: NA-gola, sjólítið og léttskýjað“.

Skipherrann kom fyrir dóm í gær og skýrði svo frá, eftir að hann hafði farið yfir skýrslu sína, að vakthafandi stýrimaður, Halldór Gunnlaugsson, II. stýrimaður, hefði einn tekið fjórar fyrstu staðarákvarðanirnar, en þá kom vitnið í brúna, og voru hinar fimm staðarákvarðanirnar teknar af tveim eða fleirum af yfirmönnum varðskipisins. Staðarákvarðanir auðkenndar nr. 5 og 9 tók skipherrann ásamt II. stýrimanni, en ákvarðanir nr. 6, 7 og 8 tók vitnið ásamt báðum stýrimönnum. Skipherrann upplýsti, að tveir yfirmannanna hefðu alltaf gert mælingarnar, en sá þriðji hefði skrifað niður, er hann var við, annars skrifuðu hinir tveir niður mælingar sínar. Loks athugaði skipherrann sjókort frá Landhelgisgæslunni, sem lagt hefur verið fram í málinu. Að því loknu staðfesti vitnið, að útsetningar á kortinu væru í samræmi við skráðar mælingar á skýrslu sinni.

Er Sigurður Steinar Ketilsson, I. stýrimaður varðskipisins, kom fyrir dóm í gær, kvaðst hann hafa tekið þátt í 6., 7. og 8. mælingu og staðfesti, að það, sem segði um þær í skýrslu skipherrans, væri rétt. Vitnið kvaðst hafa farið um borð í m/b Stíganda og kvaðst hafa verið þar um borð, þangað til að búíð var að innbyrða pokann, og giskaði vitnið á, að í honum hefði verið um eitt tonn af fiski. Vitnið sagði ákærða hafa haft á orði, að hann hefði verið búinn að toga í 2 klukkutíma og 40 mínútur, er vitnið kom í brúna til hans. Loks kvaðst vitnið hafa unnið við að gera útsetningar á framlagt sjókort og staðfesti, að þær væru í samræmi við skráðar mælingar í skýrslu skipherrans.

Vitnið Halldór Gunnlaugsson, II. stýrimaður varðskipisins, sagði í dóminum, að hann hefði einn gert fjórar fyrstu staðarákvarðanirnar, sem getið væri um á skýrslu skipherrans, vitnið og skipherrann saman 5. og 9. og vitnið, skipherrann og I. stýrimaður 6., 7. og 8. ákvörðun. Er þeir stóðu allir þrír að staðar-

ákvörðunum, lásu skipherrann og I. stýrimaður af ratsjónni, en vitnið skrifaði athuganir þeirra jafnharðan niður. Þegar vitnið og skipherrann unnu einir að þessu, lásu þeir báðir af ratsjónni, en vitnið skrifaði jafnóðum niður. Með þessum áréttungum kvaðst vitnið geta staðfest, að allt efni skýrslunnar væri rétt. Að lokum kvaðst vitnið geta staðfest, að útsetningar á framlögðu sjókortinu væru í samræmi við mælingar, sem skráðar væru í skýrslu skipherrans.

Skipherrann og I. stýrimaður staðfestu framburði sína með eiðum og II. stýrimaður með drengskaparheiti.

Er ákærði kom fyrir dóm í gær, var honum þegar í upphafi gefinn kostur á að kynna sér skýrslu skipherrans. Eftir að hafa kynnt sér hana, kvaðst ákærði ekki geta sagt neitt um mælingar varðskipsmanna, þar sem hann hefði ekki notað sömu mælingarpunkta og þeir. Ákærði kvaðst hafa talið sig vera á löglegum veiðum og kvaðst einnig hafa vitað um hið sérstaka línu- og neta-svæði, en hann hefði talið sig utan þess. Aðspurður um ferðir sínar í umræddri veiðiferð gaf ákærði eftirfarandi skýrslu:

„Kærði segir, að veiðiferðin hafi hafist frá Reykjavík á laugar-daginn kl. 1415. Kærði kveðst hafa verið kominn á veiðisvæðið kl. 1730 og hafi byrjað strax veiðar og hafi verið hjá honum botnfast um kl. 1730. Áður en kærði kastaði, tók hann staðar-ákvörðun. Var þá fjarlægðin í Garðskaga 6 mílur og fjarlægðin í radarskermana við Stafnes 9 mílur, og samkvæmt útreikningum kærða gaf það stað fyrir sunnan friðunarlínuna. Kveðst kærði síðan hafa látið toga í stefnuna S-SV og hélt þeirri stefnu, þar til hann var 7 mílur í skermana, og dró síðan í V-NV út 8 mílur frá landi og síðan í N-NA í 10 mílur í skermana og síðan í A-SA og hífði þá á svipuðum slóðum og hann kastaði. Tók þetta tog um 3 tíma. Kærði kvaðst síðan hafa haldið áfram veiðum á svipuðum slóðum, og var hann í fjórða halinu, er varðskipið kom að honum. Síðasta halið hófst kl. 0315. Ekki man kærði, hvort hann tók sérstaka staðarákvörðun fyrir það tog, en telur, að hann hafi verið mjög sunnarlega, eða fjarlægðin í skermana hafi verið 7.5 og fjarlægðin í land 4.5. Kærði kveðst hafa kastað í norður og siglt í þá stefnu, þar til að hann var með skermana í 9 mílum og Garðskagann í 6. Þá beygði kærði í V-NV og hélt út í 9 mílur, og þá beygði hann á bakborða og stefndi í A-SA. Er kærði breytti um stefnu, voru 6 mílur í Garðskagann og 9.3 í skermana. Er kærði var í þessum snúning, birtist ljós frá kastara varðskipsins. Er

kærði sá ljóskastarann frá varðskipinu, var hann ekki búinn að heyra þá kalla sig upp í talstöð, enda kveðst hann hafa hlustað á fjórtán, en varðskipin kalli upp á sextán.

Kærði kveðst hafa kallað upp á „kanal 12“, og þá var honum tilkynnt, að þeir teldu hann vera að ólöglegum veiðum. Er þetta átti sér stað, voru veiðarfærin hjá kærða útbyrðis, en hann kominn að því að hífa. Stuttu síðar kom stýrimaður frá varðskipinu um borð, og voru þá skipverjar kærða að hífa.

Í dagbók skipsins kveðst kærði ekki færa neinar staðarákvarðanir, heldur aðeins brottfarartíma úr höfn og þann tíma, sem hann kastar á, og svæðið.

Kærði kveðst hafa verið í góðri trú um, að hann væri að löglegum veiðum, enda séð varðskipið nokkru áður út af Kirkjuvogi og telur, að það hafi verið í þessu síðasta lagi.

Þá var ákærða gefinn kostur á að kynna sér framlagt sjókort og hann spurður, hvort hann vildi vefengja mælingarnar, sem greindar væru í skýrslu skipherrans eða útsetningar á sjókortinu. Ákærði sagði þær ekki samrýmast sínum mælingum.

Loks kom það fram hjá ákærða, að hann hefði verið einn í brúnni, á meðan á veiðiferðinni stóð, enda hefði stýrimaðurinn legið veikur í landi.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum samkvæmt sakavottorði, dagsettu í dag, sem hér segir:

- 1966 13/3 í Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði.
- 1974 18/2 í Kjósarsýslu: Sátt, 8.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 18/2 1974.

Með framburðum yfirmanna varðskipisins og játningu ákærða er sannað, að ákærði var að botnvörpuveiðum, er varðskipið Albert kom að m/b Stíganda, RE 307, árla sl. sunnudagsmorgun, og með framburðum varðskipsmanna er einnig sannað, að þá hafi m/b Stígandi verið á hinu sérstaka línu- og netaveiðisvæði út af Faxaflóa, sem afmarkað var með reglugerð nr. 456/1975 frá 17. f. m. og birt var í Stjórnartíðindum, hefti B, 40, sem tjáir útgáfudag sinn vera 31. f. m. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni nr. 102/1973, sbr. lög nr. 72/1975, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. sömu laga og lögum um vísindalega

verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948, sbr. lög nr. 45/1974.

Með framferði sínu hefur ákærði því unnið til refsingar og annarra viðurlaga samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 102/1973, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 456/1975, 6. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975 og 3. gr. laga nr. 44/1948, sbr. lög nr. 45/1974.

Með hliðsjón af því, samkvæmt alþjóðlegu mælingabréfi, dagsettu 1. júlí 1975, að m/b Stígandi, RE 307, er 207.46 rúmlestir brúttó, og samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu í gær, að 100 gullkrónur jafngilda 9.201.30 kr., sbr. lög nr. 4/1924, verður refsing ákærða ákveðin sekt að fjárhæð kr. 400.000 til Landhelgissjóðs Íslands, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi í 2 mánuði.

Einnig skulu öll veiðarfæri í m/b Stíganda, RE 307, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs vera upptæk til Landhelgissjóðsins.

Loks ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, m. a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 15.000.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Ingólfsson, greiði kr. 400.000 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4 vikna frá birtingu dómsins, ella sæti hann varðhaldi í 2 mánuði.

Öll veiðarfæri í m/b Stíganda, RE 307, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, m. a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 15.000.
